

ERINDISBRÉF

fyrir fræðsluráð Húnaþings vestra.

1. gr.

Stjórnskipuleg staða.

Fræðsluráð heyrir undir sveitarstjórn Húnaþings vestra.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs starfar með ráðinu.

2. gr.

Skipan ráðsins.

Í fræðsluráði eiga sæti fimm fulltrúar sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Húnaþings vestra. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

Auk kjörinna fulltrúa eiga sviðsstjóri fjölskyldusviðs og sveitarstjóri eða staðgengill hans rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá eiga fulltrúar kennara og foreldra barna í grunnskóla og leikskóla auk skólustjóra grunnskóla, tónlistarskóla, leikskóla og íþrótt- og tómsundafulltrúi rétt til að sitja fundi fræðsluráðs með málfrelsi og tillögurétt þegar málefni viðkomandi stofnana eru til umræðu. Ráðinu er auk þess heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

Fræðsluráð kýs sér formann, varaformann á fyrsta fundi sínum nema sveitarstjórn ákveði annað. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs, eða fulltrúi hans ritar fundargerðir ráðsins.

3. gr.

Hlutverk.

Fræðsluráð fer með lögbundin verkefni sem tengjast málaflokkum sem undir það falla. Um er að ræða verkefni skólanefndar skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum, málefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, með síðari breytingum, málefni tónlistarskóla samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, með síðari breytingum og íþróttamál samkvæmt íþróttalögum nr. 64/1998, með síðar breytingum.

Hlutverk fræðsluráðs er eftirfarandi:

- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið og stefnu í fræðslu-, íþrótt- og tómstundamálum.
- Að hafa eftirlit með stofnunum sem heyra undir ráðið og fylgjast með því að þær vinni að settum markmiðum í samræmi við lög, reglugerðir, kjarasamninga, samþykktir og stefnu sveitarstjórnar og veiti góða þjónustu.
- Að fjalla um drög að fjárhagsáætlun viðkomandi málaflokka.
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið og úrbætur í málaflokkum sem undir ráðið heyra.
- Að veita byggðarráði ef það óskar er eftir því, umsögn um ráðningu skólustjóra grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla.

- Að hafa faglegt eftirlit með starfsemi Skólabúðanna að Reykjum í Hrútafirði sbr. 6. gr. samnings um rekstur skólabúðanna.
- Að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðgjafar í málaflokkum sem falla undir verksvið ráðsins.

4. gr.

Starfshættir.

Í störfum sínum skal fræðsluráð taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfsvið þess heyra. Þá skal ráðið fylgja samþykkt um stjórn Húnaþings vestra eftir því sem við á eins og hún er hverju sinni.

Fræðsluráð kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Skal ráðið gera samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við sviðsstjóra fjölskyldusviðs.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs sér um að boða ráðið til fundar í samráði við formann ráðsins og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda ráðsins. Fundarboðun skal að jafnaði vera rafræn og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Fundarboð skal sent fulltrúum í ráðinu og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund.

Formaður fræðsluráðs stýrir fundum ráðsins í samræmi við ákvæði samþykktar um stjórn og Húnaþings vestra.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Fundargerð skal skrá í gerðabók og í tölvu. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Í fundargerð í tölvu skal jafnframt skrá einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu ráðsins. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana.

Fundargerðum kemur sviðsstjóri fjölskyldusviðs strax að fundi loknum til sveitarstjóra og sér hann um að hún verði lögð fram með dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs kynnir fundarmönnum afgreiðslu sveitarstjórnar á fundargerðum fræðsluráðs.

5. gr.

Eftirfylgni.

Formaður fræðsluráðs og aðrir fulltrúar í ráðinu skulu snúa sér til sviðsstjóra fjölskyldusviðs með eftirfylgni staðfestra samþykktar ráðsins.

6. gr.

Réttindi og skyldur.

Um réttindi og skyldur fulltrúa í fræðsluráði gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Húnaþings vestra.

Fulltrúa í fræðsluráði er skylt að sækja fund nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann ráðsins eða sviðsstjóra fjölskyldusviðs vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi í ráðinu á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann upplýsingum um efni þess til sviðsstjóra fjölskyldusviðs a.m.k. þremur sólahringum fyrir fund.

Fulltrúar í ráðinu skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn Húnaþings vestra í atkvæðagreiðslu um málefni í fræðsluráði.

Fulltrúar í ráðinu eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir ráðið og eiga að fara leynt samkvæmt lögum, eðli máls eða samþykktum 2/3 hluta fulltrúa í ráðinu, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Gæta skal sérstaklega að því að unnið sé í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Fulltrúar í ráðinu skulu kynna sér vandlega lagareglur um hæfi til afgreiðslu einstakra mála. Fulltrúa í ráðinu sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber vekt á athygli á því og ef við á vekt af fundi við umræðu og afgreiðslu máls.

Samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra 11. júní 2019